

LÖG

um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna lofthelgi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirlitsmenn og flutningsáhafnir, sem starfa á grundvelli samnings frá 19. nóvember 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings frá 24. mars 1992 um opna lofthelgi, skulu njóta þeirrar friðhelgi, forréttinda og undanþágna hér á landi sem kveðið er á um í samningunum.

2. gr.

Utanríkisráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

Nr. 91

9. maí 1994

LÖG

um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr., svohljóðandi:

Birting breytinga og viðbóta við EES-samninginn í sérstöku blaði, sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA, telst fullgild birting.

2. gr.

Í stað a-liðar 4. tölul. bókunar 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. fskj. II við lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, kemur nýr a-liður, svohljóðandi:

- a. Þegar aðildarríki EB ber að veita framkvæmdastjórn EB upplýsingar skal EFTA-ríki veita eftirlitsstofnun EFTA slíkar upplýsingar og hún koma þeim áleiðis til fastanefnd-

ar EFTA-ríkjanna. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að annast sendingu upplýsinga. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum sem þeim hafa borist frá aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjunum eða þar til bær um yfirvöldum.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga þessara öðlast þegar gildi.

Ákvæði 2. gr. laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1994 að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 2. mgr. 103. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni. Eftir það öðlast 2. gr. laganna gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að síðasta tilkynningin berst EES-nefndinni.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Hlutverk Þróunarsjóðs er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Í því skyni kaupir sjóðurinn fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra og greiðir styrki vegna úreldingar fiskiskipa til að draga úr afkasta-getu í sjávarútvegi. Jafnframt getur sjóðurinn stuðlað að skipulagsbreytingum í sjávarútvegi í samvinnu við lánastofnanir enda leiði slík endurskipulagning til verulegrar hagræðingar. Þá er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir og lán til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar þrjá menn í stjórn Þróunarsjóðs til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi en tveir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann sjóðstjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

3. gr.

Þróunarsjóður tekur við öllum eignum og skuldbindingum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 65/1992, eignum og skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja, sbr. lög nr. 42/1991, og öllum eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, sbr. lög nr. 42/1991. Yfirtakan miðast